

REGLUR

um ráðstöfun 700 milljón króna aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

1. gr.

Varið skal 350 millj. kr. til þjónustuframlaga til sveitarfélaga á grundvelli 12. greinar reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 44/1999.

2. gr.

Varið skal 350 millj. kr. til sveitarfélaga þar sem íbúum fækkaði á árunum 1997, 1998 og 1999. Við úthlutunina verði byggt á upplýsingum frá Hagstofu Íslands um endanlegan íbúafjölda 1. desember 1996, 1997 og 1998, og bráðabirgðatölur 1. desember 1999.

Við úthlutunina skal sveitarfélögum raðað í viðmiðunarflokka eftir íbúafjölda með sama hætti og með sama vægi og við úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 1999, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 44/1999.

Skerðing verður á úthlutun til hvers sveitarfélags þegar meðaltekjur á íbúa miðað við fullnýtingu tekjustofna eru 15% yfir viðmiðunartekjum hvers flokks og fellur niður þegar meðaltekjur á íbúa eru 30% yfir viðmiðunartekjum. Skerðing innan þessara marka skal vera hlutfallsleg.

Einungis kemur til úthlutunar framlags hafi fækkun í sveitarfélagi verið umfram 3 íbúa á tímabilinu.

3. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 4. gr. fjárukalaga fyrir árið 1999 um breytingu á 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1999 – liður 8.23 og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. desember 1999.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um sameiningu heilbrigðisstofnana.

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að sameina eftirtaldar heilbrigðisstofnanir:

Heilbrigðisstofnun Austurlands og hjúkrunarheimilið Sundabúð á Vopnafirði undir nafninu Heilbrigðisstofnun Austurlands. Stofnunin skal heyra undir stjórn Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

Heilbrigðisstofnunin á Húsavík og heilsugæslustöð Norður-Þingeyjarsýslu undir nafninu Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Ráðherra skipar hinni sameinuðu heilbrigðisstofnun fimm manna stjórn og fer um skipun hennar skv. ákvæðum 3. mgr. 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.